

Haustlægðir láta finna fyrir sér

Haustið er gengið í garð og skall það á með hveli með komu september. Sumarið hefur ekki verið gjöfult svo erfitt getur verið að kyngja því að haustið sé mætt en nú fer daginn að stytta hratt, það kólnar og gróður sölnar. Með haustinu koma líka haustlægðirnar en sú fyrsta lét finna fyrir sér strax í byrjun september. Úrhellisrigning og hífandi rok var 5. september á Snæfellsnesi og fóru vindhviður í og við Grundarfjörð til að mynda hátt í 50 metra á sekúndu. Talsvert var um eignatjón en bekkir á vegum bæjarins, gámur, byggingarefni og þakplötur eru meðal þess sem óveðrið hóf á loft. Bæði bílar og hús urðu fyrir tjóni í öllum látunum en íbúar áttu eflaust ekki von á veðri með slíkum krafti svo snemma. Meðfylgjandi mynd tók Sverrir Karlsson í veðurofsanum síðastliðinn fimmtudag.

SJ



Spennandi lokaumferð í 2. deild

Lið Víkings Ólafsvíkur hefur staðið í ströngu undanfarið en þeir eru nú í baráttu um að komast upp um deild fyrir næsta tímabil. Síðastliðinn laugardag heimsóttu víkingar liðið Ægi frá Þorlákshöfn. Leikurinn fór fram á GeoSalmo vellinum og byrjað klukkan 14:00. Góðvinir klúbbsins höfðu gert heiðarlega tilraun til þess að safna stuðningsliði saman í rútu sem tókst ekki en sigur hefði borið liðið langleiðina að markmiðinu. Víkingar mættu sterkir til leiks í Þorlákshöfn en Luis Romero Jorge skoraði fyrsta mark leiksins á 12. mínútu. Ægismenn svörðu á 21. mínútu merð marki og fóru leikmenn því inn í klefa í hálfleik með jafntefli. Í byrjun

seinni hálfleiks skoruðu ægismenn mark sem kom þeim í 2-1 og stuttu seinna gerði þjálfari Víkings einu skiptingu leiksins. Simon Dominguez Colina fór út af vellinum fyrir Asmer Begic. Á 73. mínútu skoraði Luis Alberto Diez Ocerin seinna mark víkings og endaði leikurinn með jafntefli.

Þetta er ekki draumastaða fyrir Víking Ó. en nú skiptir síðasta umferð tímabilsins öllu máli. Allt þarf að falla með liðinu svo að leikmenn og stuðningsmenn Víkings geti fagnað tímamótum um næstu helgi. Nú er mikilvægara en áður að mæta á völlum inn og styðja leikmenn til sigurs, því það er til mikils að vinna.

JJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Ljósleiðaravæðing í fullum gangi

Ljósleiðaravæðing er í fullum gangi á Snæfellsnesi og fer henni senn að ljúka í Grundarfirði. Er þetta í tengslum við verkefnið “Ísland ljóstengt”, byrjað var að tengja heimili og fyrirtæki í dreifbýli ljósleiðara á árunum 2018-2019, það var fjármagnað af ríkinu og bæjarfélögum. Míla keypti síðar þá innviði og starfrækir í dag. Í haust mun Míla ljúka ljósleiðaravæðingu í Grundarfirði og þeim frágangi sem út af stendur. Síðustu tvö sumur hefur Míla lagt ljósleiðara að 230 heimilum í þéttbýli Grundarfjarðar. Þegar því er lokið bjóðast nær öllum heimilum í sveitarfélaginu tækifæri á tengingu frá Mílu. Í þessum framkvæmdum er einnig verið að skipta út koparkerfi Mílu en þeir notendur sem eru enn með koparkerfi fá tilkynningu þegar það verður hægt að skipta yfir í



Ljósleiðara.
Í síðustu viku hófst einnig vinna

við áframhaldandi uppbyggingu ljósleiðara í þéttbýli Snæfellsbæjar. Framkvæmdin er samstarfsverkefni Snæfellsbæjar, Mílu og Fjar-skiptasjóðs og eru áform um að klára ljósleiðaravæðingu í þéttbýlinu áður en framkvæmdir hefjast í dreifbýlinu. Verkefnið er umfangsmikið og felur í sér ljós-

leiðaravæðingu um 300 heimila í Ólafsvík, Rífi og á Hellissandi. Framkvæmdir eru hafnar á Rífi en eftir það verður hafist handa á Hellissandi. Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki í síðasta lagi árið 2026.

JJ



Bifreiðaverkstæði / Egis.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn

Grænmetis- og ávaxtapokar

Smíðjan, dagþjónusta fyrir fólk með skerta starfsgetu í Snæfellsbæ, hefur nú hafið sölu á varningi í versluninni Kassinn. Fyrir stuttu hóf verslunin að vigta grænmeti og ávexti á búðarkassanum og er vörunum því ekki pakkað í plast áður. Til þess að auðvelda búðarferðina hafa starfsmenn Smíðjunnar útbúið fjölnota grænmetis- og ávaxtapoka úr efnisbútum sem þau hafa gefið nýtt líf. Pokarnir eru við grænmetisdeildina í búðinni svo auðvelt sé að grípa þá með þegar fólk þarf.

JJ



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



Akstursstyrkir til íbúa í dreifbýli

Íbúar í dreifbýli Snæfellsbæjar geta sótt árlega um sérstakan akstursstyrk til að koma til móts við kostnað vegna aksturs barna til Ólafsvíkur í íþrótt- og tómstundaiðkun.

Árlegur akstursstyrkur er kr. 30.000.-

Umsóknir skulu berast bæjarritara í tölvupósti.

Í umsókn þarf að koma fram nafn foreldris/forráðamanns, nafn barns/barna, kennitala og reikningsnúmer þar sem leggja á styrkinn inn.

Einnig þarf að fylgja vottorð/staðfesting frá þjálfara um að barnið sé skráð í íþróttir norðan heiðar.

Úthlutunarreglur vegna akstursstyrks Snæfellsbæjar til UMF Staðarsveitar má finna á vef Snæfellsbæjar undir Stjórnsýsla – Reglur og samþykktir.

Nánari upplýsingar gefur bæjarritari í síma 433-6900 eða netfangið lilja@snb.is

Tryggingar

Sjóvá opnar í Stykkishólmi

Sjóvá hefur opnað
skrifstofu í gamla
Búnaðarbankahúsinu
við Aðalgötu 10.

Opið:

Mán. 9:00–15:30

Mið. 9:00–15:30

Fös. 9:00–15:00



Sjóvá | Aðalgötu 10 | 440 2000 | sjova@sjova.is

SJÓVÁ

Styrktardagur Piotr

Líkt og kom fram í Jökli fyrir skömmu hélt CF SNB styrktardag fyrir Piotr laugardaginn 31. ágúst. Piotr Sobolewski er 2 ára gamall og greindist með hvítblæði í sum- ar. Piotr býr á Hellissandi ásamt foreldrum sínum, Natalia Wasiewicz og Szymon Sobolewski. Stórt verkefni bíður fjölskyldunnar en greiningu á sjúkdómum sem þessum fylgir mikið álag, bæði andlegt og fjárhagslegt. Því ákvað samfélagið í CF SNB að taka höndum saman og halda styrktardag, boðið var upp á að mæta og hjóla 42,2 km snemma um morguninn og seinna voru svo tveir barre tímar og ein paraæfing. Virkilega vel var tekið í daginn en tæplega 50 manns mættu og sýndu samstöðu. Það voru þó ekki einungis meðlimir CF SNB sem tóku á því fyrir málstaðinn því styrktarreiðingur fyrir Piotr hafði verið auglýstur og lögðu ótal margir fjölskyldunni lið, margt smátt gerir eitt stórt. Segir Natalia að þessi mikli sam- hugur sanni að litla samfélag okkar stendur saman við hvaða að- stæður sem er, Snæfellsbær hafi



eitt stórt hjarta sem er alltaf tilbúið að hjálpa. Ennþá er hægt að leggja inn á styrktarreiðingunni fyrir Piotr, þetta er stórt verkefni

fyrir lítinn dreng og erfitt verkefni bíður fjölskyldunnar. Á meðfylgjandi mynd er hluti hópsins sem hjólaði 42,2 km fyrir Piotr á

laugardagsmorguninn.

Reikningsnúmer

0123-15-021708

Kennitala 110302-2660

Leikskólinn 46 ára

Leikskólinn Krílakot varð 46 ára mánudaginn 19. ágúst. Nemandur og starfsfólk leikskólans hélt upp á daginn með vöflum í kaffitímanum. Þennan dag árið 1978 var leikskólinn opnaður í húsnæði sínu við Brúarholt. Leikskóli hafði þó verið rekinn í Ólafsvík í sex og hálf ár fyrir það en í febrúar 1972 opnaði fyrsti leikskólinn í Ólafsvík sem var starfræktur af Kvenfélagi Ólafsvíkur. Leikskólinn Krílakot starfaði frá 1978 til 2015 undir nafninu Krílakot en í byrjun árs var Leikskóli Snæfellsbæjar stofnaður með sameiningu Krílakots og leikskólans Kríubóls á Hellissandi. Starfar leikskólinn enn undir nafninu Krílakot en þó sem starfsstöð Leikskóla Snæfellsbæjar. Á Krílakoti eru þrjár leikskóla- deildir, 17 starfsmenn, þar af 13 sem starfa inni á deildunum, og 46 börn en þeim á ennþá eftir að fjölga. Þessa dagana er unnið að stækkun Krílakots en nýtt 80 fermetra viðbótarhúsnæði hefur risið við leikskólann. Húsnæðið verður tekið í notkun seinna í



haust en með tilkomu þess verða gerðar breytingar innanhúss sem mun fjölga plássum á Krílakoti. Krílakot verður áfram þriggja

deilda leikskóli en elsta deildin verður færð yfir í nýju viðbótina og verða gerðar breytingar þar sem sú deild er núna fyrir betri

aðbúnað fyrir starfsmenn með kaffistofu, skrifstofu og vinnuherbergi.

Fjölgað um 63 á Snæfellsnesi frá 1. des.

Í byrjun ágúst gaf Þjóðskrá út tölur um fjölda íbúa eftir sveitarfélögum, tölurnar eru byggðar á skráningu Þjóðskrár á fjölda einstaklinga sem eru skráðir með búsetu hér á landi.

Samkvæmt tölum Þjóðskrár hafði íbúum Reykjavíkur fjölgaði um 2.149 íbúa á tímabilinu frá 1. desember 2023 til 1. ágúst 2024 og íbúum Kópavogsbæjar fjölgaði á sama tímabili um 715 íbúa. Íbúum Akureyrarbæjar fjölgaði á tímabilinu um 184 íbúa, í Reykjanesbæ hefur fjölgað um 670 íbúa og í Sveitarfélaginu Árborg fjölgaði um 358 íbúa.

Þegar horft er til hlutfallslegrar breytingar á íbúafjölda þá hefur íbúum Skorradalshrepps fjölgað hlutfallslega mest frá 1. desember 2023 um 30,5% en íbúum þar fjölgaði um 18 íbúa. Hlutfallslega fjölgaði íbúum næst mest í Vesturbýggð eða 21,1% en sveitarfélagið sameinaðist Tálknafjarðarhreppi. Af 63 núverandi sveitarfélögum þá fækkaði íbúum í 11 sveitarfélögum en fjölgaði eða stóð í stað í 52 sveitarfélögum.

Sé lítið til landshluta þá fjölgaði íbúum Suðurlands mest, eða um 3,1% svo íbúum Vesturlands, eða

um 2,1% miðað við 1. des. sl. Íbúum Suðurnesja fækkar um 1,3% á tímabilinu eða um 427 íbúa.

Á Snæfellsnesi fjölgaði um 1,2% í Grundarfjarðarbæ eða um 10, í Stykkishólmsbæ fjölgaði um 1,4% eða um 18 og í Snæfellsbæ fjölgaði um 37 eða 2,2%. Í Eyja- og Miklaholtshreppi fækkaði um 2, sem gerir 1,6% fækkun. Í heildina hefur því fjölgað um 63 á Snæfellsnesi frá 1. desember 2023.

Í meðfylgjandi töflu má sjá mannfjöldapróun í þessum sveitarfélögum á Snæfellsnesi frá árinu 2019.

JÓ

Fjöldi 1. des. 2019	Fjöldi 1. des. 2020	Fjöldi 1. des. 2021	Fjöldi 1. des. 2022	Fjöldi 1. des. 2023	Fjöldi 1. ágúst 2024	
Grundarfjarðarbær	877	870	839	862	865	875
Eyja- og Miklaholtshreppur	124	120	103	112	125	123
Snæfellsbær	1.677	1.688	1.670	1.684	1.697	1.734
Stykkishólmsbær	1.276	1.262	1.293	1.309	1.319	1.337
Samtals	3.954	3.940	3.905	3.967	4.006	4.069

Ingveldur veitir FSS forstöðu



Ingveldur Eyþórsdóttir hefur verið ráðin forstöðumans Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga. Tók hún við stöðu Sveins Þórs Elínbergssonar þann 1. september en Sveinn hefur gegnt starfinu frá ársbyrjun 2009. Ingveldur er fædd og

uppalin í Stykkishólmi og á ættir að rekja í Breiðafjarðareyjar og af Snæfellsnesi. Hún er búsett í Stykkishólmi og á hún fjögur uppkomin börn og sex barnabörn. Ingveldur hefur starfað hjá Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga frá 2014 sem yfirfélagsráðgjafi og sinnt þar mörgum verkefnum, þar á meðal fagstjóra í barnavernd, málaflakki fatlaðra, skólafélagsráðgjöf, fulltrúa FSS í stefnumótun um öldrunarmál á vegum SSV og innleiðingarteymi í farsæld barna. Ingveldur hefur lokið BA í félagsráðgjöf frá Háskóla Íslands og MA í starfsréttindum í félagsráðgjöf. Þá hefur hún bætt við sig viðbótardiplómu í opinberri stjórnslu, í barnavernd og í farsæld barna.

SJ

Arnarstapi



Tillaga að breyttu deiliskipulagi á Arnarstapa, Snæfellsbæ

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkti á fundi sínum þann 5. september 2024 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi á Arnarstapa í samræmi við 1. mgr. 43. gr skipulagslaga.

Deiliskipulagstillagan nær til fristundasvæða F-4 og F-5 á Arnarstapa, Snæfellsbæ og eru hús á öllum lóðum svæðisins. Á fristundasvæðinu eru alls 36 lóðir og var gert ráð fyrir á deiliskipulagi frá 1988 að lóðir yrðu almennt um 2.000 fermetrar og að hús á lóðum yrðu að jafnaði ekki stærri en 50 fermetrar. Bæjaryfirvöld Snæfellsbæjar vilja gefa aukið svigrúm varðandi stærðir fristundahúsa. Í breytingartillögu er gert ráð fyrir að brúttó byggingarmagn á lóð verði allt að 140 fermetrar án tillits til stærðar lóðar.

Gögn eru frá Snæfellsbæ: Greinargerð, deiliskipulag fyrir breytingu í mælikvarða 1:2.000, tillaga að breyttu deiliskipulagi í mælikvarða 1:2.000 og umhverfisskýrsla áætlunar.

Hægt er að skoða tillöguna frá 12. september – 25. október 2024 á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, skipulagsgatt.is, undir málnúmeri 889/2024.

Kynningarfundur verður haldinn í gegnum fjarfundarbúnað í október 2024.

Umsagnaraðilum og þeim sem eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna í síðasta lagi 25. október 2024. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast inn á skipulagsgatt.is vegna máls númer 889/2024.

Skipulagsfulltrúi Snæfellsbæjar



Sími: 430 3700
www.fmis.is



Íslandsmeistaramótið í PSR hjá Skotgrund

Dagana 10. og 11. ágúst fór fram Íslandsmeistaramótið í PRS á æfingasvæði Skotgrund. Var þetta eitt stærsta PRS mót sem hefur verið haldið á Íslandi en mótið er liður í Íslandsmeistaramótariðinni og bar nafnið Fossbúinn Challenge PRS Match. Fossbúinn er vísun í samnefndan stein sem skotfélagið fékk að gjöf frá Lúðvíki Karlssyni, eða Liston. Skipulag og undirbúningur mótsins var í höndum Arnars Giers Diego, Kára Hilmansonar og Gunnars Ásgeirssonar. Mótið heppnaðist vel, skotnar voru 14 þrautir og 22 keppendur voru skráðir til leiks. Skotið var á ýmis færi, allt frá 258 metra fjarlægð upp í 776 metra og alls var skotið um 3200 skotum á þessu móti. Keppt var í tveimur flokkum á mótinu, verksmiðjuflokki og opnum flokki. Í verksmiðjuflokki var einn keppandi, Dagný Rut Kjartansdóttir



og stóð hún því uppi sem sigurvegari í þeim flokki. Í opnum

flokki voru 21 keppandi og var það Rúnar Jónsson frá Noregi sem hreppti 1. sætið þar með 130 hitt af 143 mögulegum. Einar Pétursson lenti í 2. sæti með 119 hitt og Þórunn Jónsson frá Noregi var í 3. sæti með 116 hitt. Aðeins eitt mót er eftir af íslandsmeistara-

mótaröðinni í ár og litlu munar á efstu mönnum. Meðfylgjandi mynd er af vefsíðu Skotgrund og er af keppendum mótsins.

SJ



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímapantanir í síma 436-1111

Jökull á Issuu



Til að nálgast Jökul á netinu er hægt að skanna QR merkið hér að ofan með myndavélinni í símanum.

Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana 2025

Hafin er vinna við gerð fjárhagsáætlunar Snæfellsbæjar fyrir árið 2025

Hér með er auglýst eftir umsóknum um styrki.

Þeir sem vilja koma með styrkumsókn er varða næsta fjárhagsár Snæfellsbæjar eru hvattir til að skila þeim á bæjarskrifstofuna til bæjarritara **fyrir 1. nóvember 2024.**

Félagasamtök sem fengu styrki á árinu 2024 þurfa að **senda inn ársreikning** með áframhaldandi styrkbeiðni.

Athugið að engir styrkir fást greiddir nema um þá sé sótt og bæjarstjórn samþykki þá.



Bæjarritari

Eldriborgarar í Snæfellsbæ heimsóttu Færeyjar

Í ágúst sl fór fimmtíu manna hópur úr Félagi eldri borgara í Snæfellsbæ í heimsókn til Færeyja.

Hópurinn dvaldi á Hótel Þórshöfn sem er mjög vinalagt hótél alveg á besta stað alveg í miðbænum og vorum þar í þrjár nætur. Við heimsóttum vinabæ Snæfellsbæjar sem er bærinn Vestmanna á Straumey. Þar búa um 1200 manns og vel var tekið á móti hópnum. Bæjarstjórinn Björg á Rógvi bauð hópinn velkominn í flottu kirkjunni þeirra og sagði okkur ma frá henni og bæjarfélaginu sínu. Þá söng kirkjukór Vestmannakirkju lög undir stjórn Magna Christjansen og einnig tók hann nokkur lög sjálfur. Magni er flottur contry söngvari og er oft með tónleika í Færeyjum og víðar og fékk hann gott klapp frá viðstöddum. Á eftir var okkur boðið í smörrebrauð í safnaðarheimilinu. Þar tóku fleiri til máls og rætt var ma um vinabæjarsambandið sem þyrfti af efla. Ma með heimsóknnum barna sem eru í íþróttum, tafla og fleira mætti nefna.

Þá var farið í Grænanes en það



Myndina tók Birgir W Högnesen og er hún tekin í Vestmannakirkju.

er dvalarheimili bæjarins, mjög vel úr garði gert og með góðu út-

sýni yfir bæinn. Áður en hópurinn kvaddi Vestmanna fór hluti hans í wisky smökkun og komu allir glaðir út. Félag eldri borgara færði bæjarstjórinn Vestmanna fallegt málverk að gjöf sem Vigdís Bjarnadóttir málaði. Þá færðum við kirkjunni fallegan kross sem Guðrún Tryggvadóttir gerði og Grænanesi gáfum við upplýstan Snæfellsjökul, glerverk eftir Guðrúnu Tryggvadóttur og Emanúel Ragnarsson.

Í ferðinni skoðuðum við marga þekktu staði í Færeyjum, ma sáum við Múlafoss í Gásadal, Saksun og Kirkjubæ sem báðir eru á Straumey. Einnig var farið til Klaksvíkur og falleg kirkja þar skoðuð. Þá var gengið um Þinganesið þar sem landsstjórnin er með skrifstofurnar og sína aðstöðu. Þá var fallega Dómkirkjan þeirra skoðuð en Þinghúsið er örstutt frá hótelinu okkar. Hópurinn naut í ferðinni leiðsagnar góðra vina okkar sem búa í Fær-

eyjum og var það ómetnalegt að eiga þá að. Það voru þau Maigun Solmunde sem býr í bænum Syðrugötu og er hún mjög góður fararstjóri og sagði okkur marga hluti. Einnig voru þeir bræður Birgir W Högnesen og Ólafur með okkur og fræddu okkur um það sem fyrir augu bar og einnig sögu Færeyja. Síðasta kvöldið var færayski dansinn stiginn og allir voru í góðum takti að lokum.

Öll kvöldin borðaði hópurinn saman og var hvert kvöld öðru skemmtilegra. Það er svo margt gott hægt að segja um Færeyjar og Færeyinga en ég læt hér staðar numið. Allur hópurinn eða bólkurinn eins og Færeyingar segja kom glaður heim og allt gekk vel eins og best var á kosið. Vafalaust eru margir tilbúnir að fara aftur seinna.

Samantekið:
Pétur Steinar Jóhannsson

Litla-Tunga



Tillaga að nýju deiliskipulagi í landi Litlu-Tungu, Snæfellsbæ

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkti á fundi sínum þann 5. september 2024 að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi í landi Litlu-Tungu í samræmi við 1. mgr. 41. gr skipulagsslaga nr. 123/2010.

Svæðið sem deiliskipulagstillagan nær til er um 17,4 ha landsvæði í landi Litlu-Tungu í Snæfellsbæ. Litla-Tunga er ný jörð með engum húsakosti. Litla-Tunga var stofnuð úr landi Ytri-Tungu og Grenhóls en deiliskipulagið teygir sig inn á land Ytri-Tungu og Grenhóls. Um er að ræða uppbyggingu innan skipulagssvæðisins sem snýr að bættari ferðamannþjónustu. Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir vegi, salernisbyggingu, þjónustubyggingu, áhaldabyggingu, göngustígum, aðstöðu fyrir starfsfólk og bílastæðum.

Gögn eru frá Hildi Bjarnadóttur, arkitekt: Uppdráttur og greinargerð ásamt umhverfismatskýrslu.

Hægt er að skoða tillöguna frá 12. september – 25. október 2024 á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, skipulagsgatt.is, undir málnúmeri 857/2024.

Umsagnaraðilum og þeim sem eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna í síðasta lagi 25. október 2024. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast inn á skipulagsgatt.is vegna máls númer 857/2024.

Skipulagsfulltrúi Snæfellsbæjar



FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggtur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

SÓKNARÁÆTLUN VESTURLANDS ÍBÚAÞING VESTLENDINGA

**Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi standa fyrir íbúaðingi
18. september um endurskoðun Sóknaráætlunar**

Þingið fer fram í Hjálmakletti í Borgarnesi frá kl.16:00 – 18:00.

Markmiðið með þinginu er að fá íbúa á Vesturlandi til að koma saman, skiptast á skoðunum og forgangsraða áherslum um hvernig þeir vilja sjá Vesturland þróast.

Afrakstur þingsins mun verða leiðarljós við frekari vinnu við Sóknaráætlun Vesturlands fyrir árin 2025-2029.

Allir Vestlendingar velkomnir

**Verum með &
tökum þátt**

**Barnahorn
á staðnum**

**Grillveisla & spjall
eftir þing**



**Skráning
á ssv.is**